

*Kennarar: Ásthildur S. Þorsteinsdóttir, Elsa Ísberg, Erla Rún Jónsdóttir og G.Eygló Bergþórsdóttir*

Lýsing – Námsáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.

Samfélagsfræði er kennd í samþættingu við byrjendalæsi, 40 mínútur í senn, 6 klukkustundir á viku.

Tímabil námsáætlunarinnar nær yfir allt skólaárið

Námsmarkmið – Hvað á nemandinn að **læra**?

Trúarbragðafræði (Kristni, Islam, Hindú, Búddismi, Gyðingdómur).  
Saga Íslands og landnám.  
Grænland og líf í köldu landi.  
Lífsleikni, styrkleikar (hver er ég?).  
Kortalestur, staðsetning með hnitum og lestur á myndritum.  
Notkun á Chromebook skólatölvu við skráningu á ferilmöppu nemanda auk annarra verkefna svo sem fingrafími.

Námsefni – Hvaða gögn og bækur verða notuð?

Náttúran allan ársins hring  
Halló heimur, 2 og 3  
Trúarbrögðin okkar  
Könnum kortin 2  
Ýmsar glærुकyningar á sameign skólans.  
Chromebook tölvur

Kennsluaðferðir – Hvernig er unnið í kennslustundum

Kveikja, innlögn, einstaklingsvinna, námsfélagavinna, hópavinna.

Námsmat – Hvað og hvernig er nám og vinna metin?

Símat, leiðsagnarmat, sjálfsmat nemenda.  
Námsmat birtist foreldrum jafnóðum á Mentor.

## Viðmið úr námskrá

Að nemandi geti:

- sett sig í spor jafnaldra og fjölskyldumeðlima.
- rætt um samfélagið og notað valin hugtök í því samhengi.
- nefnt dæmi um sögu og einkenni Íslands.
- áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna.
- gert sér grein fyrir mikilvægi sínu í vernd og umhverfi náttúrunnar.
- nefnt dæmi um hvernig maðurinn nýtir náttúruna til að lifa af.
- áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og borið virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og siðum.
- sagt frá nokkrum frásögnum, helstu hátíðum og siðum kristni og annarra trúarbragða einkum í nærsamfélaginu.